

Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna?

Niðurstöður grunnskólaþings sem haldið var
í Reykjavík 26. mars 2004

Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna?
Niðurstöður grunnskólaþings sem haldið var í Reykjavík 26. mars 2004

© Samband íslenskra sveitarfélaga - Þróunar- og alþjóðasvið 2004

Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Sími: 515 4900
Netfang: samband@samband.is
Veffang: www.samband.is
2004/5



Dagskrá grunnskólapingins

09:00-09:15	Skráning
09:15-09:25	Setning Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður, Sambands íslenskra sveitarfélaga.
09:25-09:40	Ávarp Porgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.
09:40-10:25	Hver er stefna sveitarfélaga í málefnum grunnskólans? <ul style="list-style-type: none">Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri í GarðabæBjörg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í GrundarfjarðarbæSmári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð
10:25-10:45	Kaffihlé
10:45-11:15	Hver stjórnar grunnskólanum? <ul style="list-style-type: none">Porvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélagaKarl Kristjánsson, deildarstjóri skóla- og símenntunardeildar menntamálaráðuneytisins
11:15-11:30	Samanburður á stöðu íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndunum gagnvart grunnskólanum <ul style="list-style-type: none">Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.
11:30-12:00	Umræður við hvert borð um efni framsöguerinda
12:00-13:00	Matarhlé
13:00-13:30	Áhrif kjarasamninga á grunnskólastarf <ul style="list-style-type: none">Kristinn Kristjánsson, sérfræðingur á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélagaÞórður Kristjánsson, skólastjóri Seljaskóla
13:30-13:45	Hlutverk skólastjóra í breyttu skólaumhverfi <ul style="list-style-type: none">Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ
13:45-14:15	Stjórnun breytinga í rekstri og starfsemi grunnskóla <ul style="list-style-type: none">Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í HafnarfjarðarkaupstaðAlbert Eymundsson, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði
14:15-14:30	Kaffihlé
14:30-15:00	Samstarf og verkaskipting milli kjörinna fulltrúa og embættismanna <ul style="list-style-type: none">Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar í ÍsafjarðarbæGunnar Gíslason, deildarstjóri skóladeildar Akureyrarkaupstaðar
15:00-15:30	Umræður við hvert borð um efni framsöguerinda
15:30-16:30	Sameiginlegar umræður
16:30	Þinginu slitið

Stjórnandi þingsins: Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi og formaður fræðsluráðs Reykjavíkurborgar

Öll erindi sem flutt voru á grunnskólapinginu má finna á slóðinni <http://www.samband.is/template1.asp?ID=1235>



Inngangur

Þann 26. mars 2004 var haldið grunnskólaþing í Reykjavík á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni „Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna?“.

Grunnskólaþing er nýmæli í starfsemi sambandsins sem ætlunin er að halda reglulega. Markmiðið með slíku þinghaldi er að skapa samráðs- og lærdómsvettvang milli sveitarfélaga, og milli kjörinna fulltrúa og ráðinna stjórnenda skólamála í sveitarfélögum.

Þátttakendur á þinginu voru um 190. Um 70% þeirra komu frá sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Nokkurn veginn jöfn skipting var á milli pólitískra fulltrúa og skólastjóra og annarra ráðinna stjórnenda skólamála hjá sveitarfélögum. Í lok þingsins var gerð könnun á viðhorfum þingfulltrúa til þingsins. Samkvæmt henni var mikil ánægja með þingið og allir þeir sem svöruðu töldu mikilvægt að sambandið myndi standa fyrir slíkum þingum með reglubundnum hætti.

Þingið var skipulagt þannig að þingfulltrúar tækju virkan þátt í umræðum. Til þess að fá fram sjónarmið sem flestra, var þingfulltrúum skipað í 15 umræðuhópa sem fengu það verkefni að ræða á grundvelli framsöguerinda, og yfirskriftar þingsins, **hvað í málefnum grunnskólans er mikilvægast að leggja áherslu á**. Markmiðið var að fá með þessum hætti fram vísbendingar um **hvað Samband íslenskra sveitarfélaga eigi að leggja áherslu á, í hagsmunagæslu sinni fyrir sveitarfélög**. Fyrirfram voru tilnefndir umræðustjórar til að stýra umræðum í hverjum hópi.¹ Þeir tóku saman greinargerðir um niðurstöður sinna hópa. Á grundvelli þeirra hafa verið dregnar saman

heildar niðurstöður þingsins sem fylgja hér á eftir. Fyrst í í örstuttu máli, síðan fyllri heildarsamantekt og loks orðréttar athugasemdir þátttakenda flokkaðar eftir efnisflokkum.

Helstu niðurstöður grunnskólaþings 2004 í örstuttu máli:

- Aukið forræði sveitarfélaga á grunnskólanum,
- minni miðstýringu,
- meiri sveigjanleika,
- skýrara og einfaldara regluverk,
- betri rekstrargrundvöll og meiri möguleika til hagræðingar,
- byggja upp þekkingu hjá þeim sem stýra og starfa í grunnskólanum, skýra betur valdmörk á milli pólitískra og ráðinna stjórnenda, og byggja upp traust og hollustu,
- meira frumkvæði frá pólitískum fulltrúum,
- meira samstarf við foreldra,
- efla stefnumótun og breytingastjórnun.

Umræðustjórar voru:

1. Árni Einarsson bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi
2. Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri í Skagafirði
3. Björn Ingimarsson sveitarstjóri Þórshafnarhrepps
4. Eiríkur Bj. Björgvinsson bæjarstjóri Austur-Héraðs
5. Guðrún Ebba Ólafsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík
6. Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri Grýtubakkahrepps
7. Hafsteinn Karlsson bæjarfulltrúi í Kópavogi
8. Haraldur L. Haraldsson sveitarstjóri Dalabyggðar
9. Jóhann Guðni Reynisson sveitarstjóri Þingeyjarsveitar
10. Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar
11. Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri í Stykkishólmi
12. Páll Brynjarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar
13. Reinhard Reynisson, bæjarstjóri á Húsavík
14. Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings vestra
15. Þóra Ákadóttir bæjarfulltrúi á Akureyri



Heildarsamantekt

Hvað er mikilvægast að leggja áherslu á í málefnum grunnskólans að mati þátttakenda í grunnskólapingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 2004

- Að auka forræði sveitarfélaga yfir grunnskólanum og gera þau jafnframt meðvitaðri um það svigrúm sem þú hafa til að reka grunnskóla í samræmi við staðbundin viðhorf og aðstæður.
- Endurskoðun grunnskólalaga.
- Að samþætta betur þau skólastig sem rekin eru annars vegar af sveitarfélögum og hins vegar af ríkinu og að sveitarfélög fái auknar heimildir til að samþætta rekstur þeirra skóla sem þau reka, þ.e. rekstur leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.
- Að ákvæði laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara, og skólastjóra, verði endurskoðuð og sveitarfélög fái auknar heimildir til að ráða samsetningu starfsmanna grunnskóla.
- Að laga kjarasamninga við kennara að ákvæðum annarra kjarasamninga.
- Að kjarasamningarnir verði einfaldari og skýrari og gefi stjórnendum skóla sem besta möguleika á að nýta starfskrafta skólanna og mæta þörf fyrir sveigjanleika.
- Að efla grunn- og endurmenntun kennara og annars starfsfólks skóla.
- Að tryggja möguleika sveitarfélaga til tekjuöflunar og einnig til hagræðingar.
- Að auka sveigjanleika og valmöguleika sveitarfélaga um rekstrarform skóla.
- Að draga úr miðstýringu samræmdra prófa og aðalnámskrár.
- Að auka heimildir til sveigjanleika í skólastarfi í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir nemenda og staðbundin viðhorf og aðstæður.
- Að skilgreina betur hlutverkaskiptingu milli fræðslunefndar, sveitarstjórnar, skólastjórnenda og kennara, og efla traust og hollustu milli þessara aðila.
- Að efla tengsl skólastjóra við stjórnkerfi sveitarfélaga og rekstarlega ábyrgð þeirra.
- Að kjörnir fulltrúar hafi meira stefnumótandi frumkvæði í málefnum grunnskólans.
- Að auka áhrif, ábyrgð og íhlutunarrétt foreldra.
- Að efla stefnumótun og breytingastjórnun.
- Að kjörnir fulltrúar fulltrúar fái meiri stuðning til að sinna málefnum grunnskólans.
- Að Samband íslenskra sveitarfélaga verði virkari stefnumótunar- og samræmingaraðili í grunnskólamálum.



Forræði sveitarfélaga

Allir umræðuhóparnir nema tveir komu inná forræði sveitarfélaga yfir grunnskólanum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum. Hóparnir töldu mikilvægt að auka forræði sveitarfélaga yfir grunnskólanum.

- Mikilvægast að leggja áherslu á stjórnunarlegt sjálfstæði og sjálfræði sveitarfélaga varðandi rekstur og innri málefni grunnskólans.
- Endurskoðun laga- og reglugerðarumhverfis til að auka svigrúm og hvetja til frumkvæðis um markmiðssetningu og rekstur grunnskólans.
- Viðurkenna og staðfesta í lögum forræði og ábyrgð sveitarfélaganna á skipulagi og rekstri grunnskólans.
- Meginniðurstaða hópsins var sú að nokkuð skorti á að grunnskólinn geti talist vera kominn til sveitarfélaganna. Tiltekin atriði eru hindrun hvað það varðar og voru eftirfarandi atriði nefnd:
 - Lagasetning, grunnskólalögin
 - Kjarasamningurinn
 - Aðalnámskrá mismunandi skólastiga
 - Of viðtækt eftirlitshlutverk ráðuneyta
 - Aðrar almennar takmarkanir á sjálfsforræði sveitarfélaga í málaflokknum.
- Í umræðum kom fram að menn vilja meiri sveigjanleika frá ríkinu fyrir sveitarfélögin í skólamálu, en einnig töldu menn að hægt væri að nýta betur þann sveigjanleika sem fyrir hendi er. Rætt var um að auka þyrfti sjálfsforræði sveitarfélaganna. Þá kom einnig fram að þó að sveigjanleiki væri mikilvægur og æskilegur, væru afskipti menntamálaráðuneytisins nauðsynleg til að gæta jafnréttis og þar ætti grundvallarákvarðanatata að vera, en ævinlega þyrftu tekjustofnar að fylgja til sveitarfélaganna til að mæta auknum kostnaði sem ákv. ríkisvaldsins hefði fyrir sveitarfélögin. Menn vildu sem sagt draga úr miðstýringu menntamálaráðuneytisins og færa meira vald til sveitarfélaganna.

- Einnig kom fram að menn vildu að sveitarfélögin gæfu skólum sínum aukin sveigjanleika og möguleika á fjölbreyttu starfi til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Í umræðunum kom fram sú greining að frá árinu 1996, þegar sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólanna, hefði ríkt ákv. þróunartímabil og svo enn frekar frá gildistöku nýrra kjarasamninga. Þetta hefði litað starfið með ýmsum hætti og haft ýmis áhrif eins og þróunarvinna jafnan hefur. M.a. hefði gætt viss óryggis sem t.d. hefði komið fram í tortryggni milli sveitarstjórnarmanna og kennara, einnig hefði tímabilið markast af bjartsýni, áhuga og krafti sem komið hefði fram hjá sveitarfélögunum og í skólunum. Þetta tímabil hefur einnig verið sveitarfélögunum erfitt vegna mikil kostnaðar sem þetta hefur þýtt fyrir sveitarfélögin. Nú væri komið meira jafnvægi á.
- Já grunnskólinn er kominn til sveitarfélaga en hann er kominn langleiðina en það vantar ennþá nokkuð upp á að hann sé kominn alla leið. Sveitarfélögin sjálf verða að leggja meiri rækt við skólana. Sveitarfélögin hafa þegar svigrúm til að móta skólastarfið sem þau þurfa að notfæra sér. Jafnframt þarf að auka svigrúmið. Ríkið þarf að auka svigrúm sveitarfélaganna til að móta skólastarfið. Í ágætum erindum Þorvarðar Hjaltasonar, Karls Kristjánssonar og Kristins Kristjánssonar kom fram að það eru ýmsir þættir sem draga úr svigrúmi sveitarfélaganna. Þá kom það skýrt fram í erindi Arthúrs Mortens að miðstýring í skólastarfi er meiri héraendis en hjá nágrannaþjóðum okkar. Því þarf að breyta lögum og námskrá í þá veru að auka svigrúmið.
- Fólk var sammála því að á vissan hátt væri lagaumhverfið hindrun á að einstaka sveitarfélög færu aðrar leiðir í skólastarfi en þær hefðbundnu, en þó ekki alveg.
- Lögð var áhersla á sjálfstæði skólanna/sveitarfélaga gagnvart ríkinu. Ríkið sinnti fyrst og fremst eftirlitshlutverki.
- Sjálfsforræði sveitarfélaga þarf að vera skýrt.

- Forræði sveitarfélaganna yfir skólanum er verulega takmarkað, m.a. vegna laga og kjarasamninga.
- Að losna við íþyngjandi ákvæði og hafa betur skilgreint frelsi til eigin mótunar. Út með miðstýringu. Lagaramminn verður að vera skýr.
- Umhverfið virðist flókið og ekki skýrt hver hefur forræðið í raun.
- Forræði sveitarfélaganna yfir skólanum verði aukið þannig að sveitarfélögin fái fullt forræði yfir grunnskólunum. Með þetta að leiðarljósi verði dregið úr beinni stýringu ríkisvaldsins á starfi skólanna. Þetta verði gert með að afnema og/eða draga úr vægi laga og reglugerða sem eru þessu tengd svo sem lögverndun kennara, undanþágunefnd o.s.frv. Markmiðið verði að draga úr áhrifum ríkisvaldsins. Inntakið verði treystum sveitarfélögum.
- Auka svigrúm sveitarfélaga til að skapa sjálfstæða skólastefnu er taki mið af staðbundnum þörfum en sem um leið uppfylli skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna sjálfra.
- Við endurskoðun grunnskólalaga verði slakað á skólastjórnun með reglugerðum og sett meiri ábyrgð og frumkvæði á skólastjórnendendurna sjálfa.
- Vantar að ábyrgð fylgi völd.
- Áhrif heimamanna eru lítil.
- Auka vald, sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaga, svo sem við ráðningu starfsfólks
- Sveitarfélögin þurfa að gera sér betur grein fyrir hvaða svigrúm er fyrir hendi til að skipuleggja skólastarfið innan núverandi laga og reglugerða.
- Það þarf að skapa aukið samráð ríkis og sveitarfélaga um starf grunnskólanna og búa til samráðsvettvang fyrir þessa aðila. Í máli Karls Kristjánssonar kom fram að í raun taka þrjú ráðuneyti ásamt Alþingi þátt í því að stýra grunnskólanum og við leyfum okkur að efast um að þessi ráðuneyti hafi eitthvert samráð sín í milli varðandi lagasetningu um skólana.



Endurskoðun grunnskólalaga

Í fjórum hópum komu fram athugasemdir sem lúta beinlínis að endurskoðun grunnskólalaga.

- Grunnskólalögin verði stutt rammalöggjöf.
- Breyta inntaki grunnskólalaga þannig að horfið verði frá skólaviðveruskyldu til fræðsluskyldu og sveitarfélögum verði veitt frelsi til að ákveða hvernig þau uppfylla fræðsluna (rekstrarform)
- Víðtæk endurskoðun þarf að eiga sér stað á grunnskólalögunum.
- Samræma þarf lög um grunnskóla og leikskóla t.d. hvað varðar fulltrúa í nefndum með málfrelsi

og tillögurétt. Gera það mögulegt að nefndir geti fundað án þessara fulltrúa. Vandí skapast hjá litlum sveitarfélögum þar sem foreldrar eru jafnframt starfsmenn í viðkomandi grunnskóla.

- Skilgreina þarf betur hlutverk skóla og skólastjórnenda.
- Einfalda þarf lög og reglugerðir.
- Endurskoða þarf grunnskólalögin til samræmis við breytt þjóðfélag, t.d. varðandi undanþágunefnd.



Samþætting skóla

Átta umræðuhópar fjölluðu sérstaklega um samþættingu skóla.

- Samþætta öll skólastig frá leikskóla til háskóla.
- Aukin samvinna milli skólastiga.
- Rætt um samfellu skólastiganna þriggja, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Til greina kæmi að hefja, eða opna fyrir, grunnskólanám þegar við 5 ára aldur.
- Meiri tenging verði á milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla sérstaklega í minni sveitarfélögum.
- Sveitarfélögunum verði tryggður aukinn réttur til að samtvinna leik-, grunn- og tónlistarskóla á þann veg sem hentar hverju sveitarfélagi fyrir sig. Skoðað verði hvort ekki eigi að sameina þessa skóla.
- Gera tónlistarkennslu að órjúfanlegum hluta náms.
- Fólk var sammála því að gott væri að auka samstarf grunnskóla og framhaldsskóla. Þó eru annmarkar á því sem eru m.a.þeir að ekki eru framhaldsskólar í öllum byggðalögum en með góðum vilja væri hægt að tengja sig við einn ákveðinn skóla.
- Mikilvægt að auka og rýmka möguleika á samþættingu og samrekstri, s.s. í rekstri grunn-, leik- og tónlistarskóla.



Lögverndun kennaranámsins

Sjö umræðuhópar komu inn á lögverndun kennaranámsins.

- Losa um ákvæði laga varðandi lögverndum kennarastarfsins, enda ekki verið að leita að einsleitum starfsmannahópi í skólana, heldur hið gagnstæða.
- Setja í vald sveitarstjórna og skólastjórnenda hver samsetning stjórnenda skóla sé.
- Undanþágunefnd á vald sveitarfélaganna.
- Hópurinn sammála um nauðsyn sveigjanlegrar stefnu í starfsmannamálum. Það gæti styrkt grunnskólann að hafa á að skipa kennurum úr ýmsum greinum (og sviðum samfélagsins).
- Auka þarf réttindi leiðbeinenda sem eru jafnframt að sækja nám til að öðlast kennararéttindi.
- Leiðbeinendur í réttindanámi fái aukinn rétt og undanþágunefnd verði lögð niður.
- Einföldun með eftirlitshlutverki ráðuneyta, t.d. afnám undanþágunefndar.
- Fleiri fagstéttir inn í skólana.
- Nauðsynlegt að endurskoða hlutverk

undanþágunefndar.

- Endurskoða þarf grunnskólalögin til samræmis við breytt þjóðfélag, t.d. varðandi undanþágunefnd.
- Mikilvægtaðhaldalögverndukennarastéttarinnar að ekki sé of mikið um undanþágur til leiðbeinenda.
- Eindreginn stuðningur kom fram við að tryggja þyrfti kennurum í réttindanámi stöðu sína í skólunum, þ.e. að ekki ætti að auglýsa stöður þeirra á meðan.
- Talsverðar umræður urðu um menntun skólastjóra, en í máli eins framsögumanns kom fram að e.t.v. væri óheppilegt að þeir kæmu úr röðum kennara og væru með kennaramenntun. Bent var á að æ fleiri skólastjórnendur hefðu menntað sig sérstaklega í stjórnun skóla og mjög margir hefðu aflað sér aukinnar menntunar á sviði fjármála og reksturs og starfsmannastjórnunar
- Mikilvægara að skólastjórnendur gætu haft í sínu starfsliði fólk menntað í fjármálastjórn og starfsmannastjórn, en þeir væru sjálfir menntaðir í skólastjórn.



Kjarasamningar

Allir umræðuhóparnir nema tveir fjölluðu um kjarasamninga.

- Laga kjarasamninga kennara að ákvæðum annarra kjarasamninga hvað varðar skilgreiningu vinnutíma, stjórnun, símenntun o.fl.
- Kjarasamningar og umhverfi skólans þarf að líkast meira því sem gerist í almennum fyrirtækjum. Taka þarf upp ný vinnubrögð og viðhorf í kjarasamningum og starfsumhverfi. Auka faglega og rekstrarlega ábyrgð skólastjórnenda. Mikilvægt að einstaka sveitarstjórnir “hlaupi ekki útundan sér”.
- Halda áfram að styrkja umráðarétt skólastjórnenda yfir vinnutíma kennara og þróa vinnutíma kennara í átt til þess sem gerist með önnur sambærileg störf.
- Kjarasamningar í takt við nýja tíma
- Lögð áhersla á að kjarasamningar kennara þyrftu að vera sveigjanlegir og gefa stjórnendum skólanna sem besta möguleika á að nýta starfskrafta skólanna og geta mætt þörf fyrir sveigjanleika.
- Nokkur gagnrýni var á stéttarfélagið um að vera of íhaldssamt á gömul gildi. Skólastjórnendur og kennarar eru jú embættismenn sveitarfélaga og eiga að vinna samkvæmt þeim reglum sem gilda í þeirra sveitarfélögum.
- Nauðsynlegt er að einfalda kjarasamninga og endurskoða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.
- Fólk var sammála því að of mikið væri um að túlka þyrfti þetta og hitt og oft væri erfitt að festa hendur á það hvernig framkvæma ætti marga hluti t.d. framkvæmd kjarasamninga.
- Fastur samningur og föst viðvera kennara 8-16?
- Væri það til bóta að rjúfa tengslin kjaralega/stéttarfélagslega milli skólastjóra og kennara líkt og tíðkast á framhaldsskólastigi?
- Skólastjórar séu fulltrúar sveitarfélaga og í öðru stéttarfélagi en kennarar.
- Kjarasamningar við kennara og skólastjórnendur verði endurskoðaðir með það að markmiði að vinnuveitandinn hafi meira með ráðstöfun á kennurum að gera og kjarasamningarnir gerðir einfaldari. Jafnframt þarf að vinna að hugafarsbreytingu hjá kennurum þannig að þeim verði það ljóst að hagsmunir þeirra og sveitarfélagsins fara oftast saman. (Búast má við að kennarar segi það sama um sveitarstjórnarmenn).
- Jafnframt þurfa kjarasamningar að vera þannig úr garði gerðir að sveitarfélögin hafa svigrúm til að gera breytingar á skólastarfinu
- Töluverð umræða varð um launapottinn í hópnum. Fólk var sammála um að hann væri góður til að geta umbunað fyrir hin ýmsu störf. Hins vegar kom það í ljós að í sumum skólum er verið að nota launapottinn á rangan hátt að mati hópsins, t.d. eins og með að láta einstaka kennara hafa allt að 6 launaflokka. Hópurinn var sammála um að það þyrfti að vera þak á því hversu marga launaflokka hægt væri að setja á kennara, t.d. hámark 3 launaflokka.
- Fólk var ekki sammála því að skólastjórar væru á lúsarlaunum, því oft væru þeir þeir launahæstu í sveitarfélögunum, allavega í þeim minni.
- Fólk var sammála því að stefnt skuli að því að kennarastarfið verði eins og hver önnur vinna, þ.e. frá 8-17. Rétt skref í þessa átt var stigið í síðustu kjarasamningum.
- Einfalda þarf kjarasamninga.
- Halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var í síðustu kjarasamningum.
- Efla ábyrgð og völd skólastjórnenda þannig að völd fylgi ábyrgð og að verkstjórnarréttur skólastjórnandans sé ótvíræður.



Menntun kennara o.fl.

Fimm umræðuhópar fjölluðu um menntun kennara og annars starfsfólks grunnskóla.

- Grunn- og endurmenntun kennara verði efl.
- Breyta verkaskiptalögum þannig að símenntun kennara verði á hendi sveitarfélaga en ekki ríkisins, eins og nú er.
- Talsverðar umræður urðu um menntun skólastjóra, en í máli eins framsögumanns kom fram að e.t.v. væri óheppilegt að þeir kæmu úr röðum kennara og væru með kennaramenntun. Bent var á að æ fleiri skólastjórnendur hefðu menntað sig sérstaklega í stjórnun skóla og mjög margir hefðu aflað sér aukinnar menntunar á sviði fjármála og reksturs og starfsmannastjórnunar. Mikilvægara að skólastjórnendur gætu haft í sínu starfsliði fólk menntað í fjármálastjórn og starfsmannastjórn, en þeir væru sjálfir menntaðir í skólastjórn.
- Grunn- og endurmenntun kennara verði efl.
- Auka þarf áherslu á menntun annarra starfstétta en kennara sem vinna innan skólans.
- Fólk var sammála því að nauðsynlegt væri að hver og ein sveitarstjórn mótaði skýra stefnu í endurmenntun kennara og ekki síður reglur þegar leiðbeinendur færu í fjarnám.
- Mikilvægt að styðja starfsfólk skólanna svo það geti þróað sig í starfi. Þörfin fyrir faglegar breytingar ætti að koma innanfrá.
- Mikilvægt að hafa menntaða kennara og tækifæri til að halda þeim á staðnum.



Rekstur og fjárveitingar

Ellefu umræðuhópanna fjölluðu um rekstur og fjárveitingar.

- Ávísun á hvern grunnskólanemanda og láta skólana síðan keppa um þá?
- Sveitarfélögunum verði tryggt fjárhagsleg bolmagn til að sinna þessum mikilvæga og kostnaðarsama málaflokki.
- Aukin sveigjanleika og valmöguleika varðandi rekstrarform skóla.
- Einfaldari rekstrarform felur í sér aukinn hvata fyrir sveitarfélög til að efla almenna skólaþjónustu.
- Nauðsynlegt að bæta rekstrargrundvöll sveitarfélaga.
- Tekjustofnar verði tryggðir og fjárhagslegum klöfum eytt.
- Tryggja möguleika sveitarfélaga til tekjuöflunar þannig að þau uppfylli lög og standi undir þeim kröfum sem samfélagið, fagfólkið, foreldrar og nemendur gera. Nauðsynlegt fyrir smærri sveitarfélög að hafa fjármagn til að bæta þjónustuna og auka gæði menntunar.
- Sveitarfélögin þurfa að tryggja að fjármagn fylgi breytingum á lögum og reglugerðum sem leiða til aukins fjárútláts hjá sveitarfélögum. Vegna þessa verði tekjustofnar sveitarfélaga endurskoðaðir með tilliti til aukins umfangs í skólastarfinu. Auknu fjármagni af heildarskatttekjum hins opinbera verði varið til skólastarfsins.
- Við skoðun á auknu fjármagni til sveitarfélaganna vegna skólahalds verði aukið tillit tekið til aukinnar sérfræðiþjónustu við skólanna sem fer vaxandi.
- Almenn skoðun hjá þátttakendum mínum að fjárþörf væri hjá skólunum vegna aukinna verkefna skólanna ekki síst metnaðarfullum skólastefnum / fjölskyldustefnum sem eru samþætta í nokkrum sveitarfélögum. Sveitarfélög hafa lagt drjúgt í skólana með byggingum vegna einsetningar og fleiri þátta eins og blöndun í bekki og meiri sérkennslu en fengist hefur viðurkennt frá ríki.
- Tekið verði tillit til gerðar sveitarfélaga við fjárveitingar.
- Skilgreina þarf betur eignarhald á skólahúsnæði og íbúðum fyrir kennara. Allt húsnæði verði alfarið í eigu sveitarfélaganna.
- Mælitæki til að mæla þörf fyrir þjónustu.
- Er bruðlað í grunnskólanum?-Er hægt að nýta peningana betur?
- Hagræðingar erfiðar. Eru sameiningar réttlætningar?
- Sveitarfélögin hafa aukið þjónustu skólanna og lagt þeim til ríkulegt fjármagn, bæði til reksturs og fjárfestinga. Hópurinn velti því fyrir sér hvort þjónusta sveitarfélaga hafi gengið of langt, sbr. fjölgun stuðningsfulltrúa, eða hvort sveitarfélögin hafi einfaldlega valið auðveldustu leiðina til að verða við kröfum um bætt þjónustu. Þetta þarf að skoða betur, en alveg er ljóst að það skortir fé til skólamála. Sjóðir sveitarfélaganna eru ekki ótæmandi. Eftir því sem menntun íbúanna eykst verður krafan um aukna þjónustu sterkari, sveitarfélögin þurfa öflugri tekjustofna og því ríður á að svigrúm sveitarfélaga til að auka tekjur sínar verði bætt.
- Fólk var sammála því að sveigjanleiki hvað varðar starfsmannamál og sérkennslu hafi aukist eftir að sveitarfélögin tóku við og þar spili ef til vill þrýstingur frá samfélaginu og afskiptaleyzi sveitarstjórnarmanna.
- Samræma þarf greiningu nemenda og kostnaðarþörf. Erfitt fyrir sveitarstjórnarmenn að átta sig á þörfinni.
- Gera þarf meiri kröfur til skólastjórnenda hvað varðar fjármál skólanna, t.d. með því að setja þeim rammaáætlanir.
- Tryggja þarfaðgang að áreiðanlegum upplýsingum um stöðu nemenda, viðhorf foreldra og rekstur skólans.
- Menntaforum var sammála um að sveitarfélögin hafi staðið sig betur í rekstri grunnskólanna er ríkið.



Faglegt skólastarf og skipulag

Allir umræðuhóparnir nema þrír ræddu um faglegt skólastarf og skipulag þess.

- Reglugerðir og aðalnámskrá:
- Einfalda reglugerðir, fækka þeim og auka svigrúm.
- Draga úr stýringu samræmdra prófa á skólastarfið, sérstaklega á yngri stigum. Hamlar nýbreytni/sveigjanleika og vinnur þar með gegn framgangi einstaklingsbundins náms.
- Aðalnámskrá er of ítarleg, vantar svigrúm.
- Mikilvægt að endurskoða samræmdu prófin, jafnvel fella þau niður.
- Draga úr miðstýringu ríkisins. Samræmd próf – miðstýring. Aðalnámskráin – of niðurnjörfuð, of ítarleg, vantar sveigjanleika. Hafa sveigjanleika til að geta mætt mismunandi þörfum út frá aðstæðum sveitarfélagsins og aðstæðum nemenda/fjölskyldna. Skólarnir of bundnir af sameiginlegum markmiðum námskrár. Lítið svigrúm fyrir sérstöðu og skólanámskrá. Einfaldari námskrá. Auka áhrif sveitarfélaga og íbúa á aðalnámskrána, jafnvel að hún sé unnin af fulltrúum sveitarfélaga. Auka möguleika á einstaklingsmiðuðu námi. Laga námsefni að nemandanum – ekki nemandann að efninu. Auka val nemenda. Betri aðstæður til að taka á vandamálum nemenda og fjölskyldna þeirra þegar á byrjunarstigi.
- Endurskoða þarf aðalnámskrár.
- Fólk var sammála því að samræmd próf hafi mikil áhrif á skólastarf. Innan hópsins sögðu sumir að það væri spurning hvort of mikil áhersla væri lögð á þennan þátt í skólastarfinu. Þær raddir komu einnig fram að það væri misjafnt eftir skólum hve stór hluti nemenda þreytti þessi próf, þ.e. sumir skólar reyndu að stýra því þannig að allra slökustu nemendurnir tækju ekki prófin því skólarnir væru dæmdir eftir árangri á samræmdum prófum.
- Samræmd próf eiga að sýna virðisauka hvers skóla. eru nemendur að bæta sig eða að slaka á milli prófa.
- Fólk var sammála því að samræmt próf væri

nauðsynlegt fyrir alla skóla, það væri sá samanburður sem hægt væri að miða við í hluta af skólastarfi. Inn í þessa umræðu kom sjálfsmat skóla og ekki voru allir sammála um hversu gott það væri sem mælikvarði á skólastarf.

- Meiri sveigjanleika vantar í nám mismunandi getuhópa og á mörkum skólastiga.
- Fólk var sammála því að ekki ætti að einblína á bekk í námi nemenda á eldra stigi heldur getu og hæfi hvers og eins. En hér er þó um mjög viðkvæmt mál að ræða, þ.e. að nemendur fylgi sínum jafnöldrum.
- Fólk var sammála því að auka valfrelsi í námi og að valgreinar verði ekki bundnar bekkjum, heldur gætu t.d. nemendur í 8-10 bekk verið saman í valgreinum.
- Hvort samræmd próf eigi rétt á sér og í hvaða umfangi?
- Hugsanleg stytting grunnskólans og lengd skólaársins í tengslum við styttingu framhaldsskólans. 5 ára bekkur?
- Hópurinn var sammála um að samræmd próf eru orðin ofnýtt og auka miðstýringu. Það er gott að geta borið sig saman við aðra, en samræmd próf þrisvar á námsferli einstaklings í grunnskólanum er of mikið og skólastarfið er of bundið samræmdum prófum.
- Nauðsynlegt að grunnskólinn búi við virka stöð- og sérfræðiþjónustu.
- Endurskoða fyrirkomulag á útgáfu námsefnis.
- Aðgangur að stöðluðum prófum í kjaragreinum, meta þarf virðisauka skólastarfs, sem samræmd próf gera ekki.
- Er ekki alls staðar meiri sérkennsla? Er skólinn uppeldisstofnun eða menntastofnun? Hvað með annars konar stuðning, frá öðrum fagstéttum en kennurum?
- Endurskoðun á sérfræðiþjónustu.
- Tryggja þarf námsmöguleika allra nemenda. Koma þarf með skilvirkari hætti til móts við alla

nemendur og þarfir þeirra.

- Auka þarf rannsóknir á vegum sveitarfélaga á árangri í skólastarfi.

- Fólk var sammála því að nauðsynlegt sé að eitt samræmt skóladagatal sé í hverju byggðalagi eða skólahverfi, einnig er nauðsynlegt að starfsdagar leikskóla séu þessu tengdir.



Stjórnun grunnskólans

Allir umræðuhóparnir, nema þrír komu inn á atriði tengd stjórnun grunnskólans innan sveitarfélaganna.

- Nauðsynlegt að skerpa skil og ábyrgð.
- Hlutverkaskipting verður að vera skýrari á milli fræðslunefnda, sveitarstjórna, skólastjórnenda og kennara.
- Sveitarstjórnarmenn þurfa að ná betur til starfsfólks skólanna. Bæta þarf samskiptin. Sveitarstjórnarmenn þurfa að vera sýnilegri í grunnskólanum.
- Rætt um hvort og þá hversu mikið sveitarstjórnir eiga að skipta sér af innra starfi skóla.
- Auka sjálfstæði skóla.
- Lögð áhersla á að skólar búi við sem mest fjárhagslegt sjálfstæði.
- Nokkrar umræður urðu um skólastjóra sem embættismenn sveitarfélaga og tengsl þeirra og trúnað bæði inn á við gagnvart kennurum og starfsmönnum skólanna og út á við gagnvart sveitar- og bæjarstjórnnum. Í þessu sambandi var lögð rík áhersla á nauðsyn skýrrar stefnumörkunar. Án hennar væri erfitt að tala um sjálfstæði skólanna og aðkoma stjórnmalamanna að skólamállum yrði ómarkviss og fálmkennd.
- Markvissari stjórnunartengsl skólastjóra við stjórnkerfi sveitarfélaga.
- Auka þarf kostnaðarvitund skólastjórnenda. Það hefði jákvæð áhrif ef skólastjórnendur hefðu fjárhagslegt svigrúm til að starfa eftir og innan rammaáætlunar. Stokka þarf upp stjórnunarfyrikomulagi í grunnskólanum með aukna ábyrgð í huga.
- Hvar eru mörkin milli valda skólastjóra og sveitarstjórna varðandi ráðstöfun fjármagns?
- Eru skólastjórar grunnskóla upp til hópa ofurkennarar sem lætur betur að vinna skólafaglega en ráða fjármálum stofnana sinna? Er mikill munur á starfsumhverfi skólastjóra grunnskóla og skólameistara framhaldsskóla?
- Grunnskólasamfélagið þarf að aðlagast,

tengjast betur stjórnkerfi og öðrum stofnunum sveitarfélagsins. Grunnskólinn má ekki vera eyland.

- Starfsfólk grunnskólanna þarf að sjá starf sitt sem hluta af stærri heild. Grunnskólinn er ein stofnunin af mörgum í rekstri sveitarfélagsins.
- Skýra þarf eins og kostur er samskipti embættismanna og kjörinna fulltrúa. Koma á samtali þeirra á milli. Auka ábyrgðar- og valdsvitund kjörinna fulltrúa. Hafa skýra verkaskiptingu. Virðing og traust þarf að ríkja á milli aðila. Ábyrgð hvers og eins þarf að vera ljós.
- Það virðist skorta á að traust ríki milli sveitarstjórnarfulltrúa og skólastjórnenda. Þessir aðilar þurfa að búa yfir sameiginlegum skilningi á skólastarfi og starfa náð saman að framgangi skólastarfs.
- Menntu veltu einnig fyrir sér tortryggni sem greina mátti í máli sumra framsögumanna í garð skólanna og hvort hún væri almenn eða staðbundin, eða hefði bara óvart ratað inn í framsögurnar. Könnuðust menn almennt ekki við þetta en töldu að þetta væri mál sem þyrfti að ræða í þeim tilgangi að eyða henni.
- Sveitarstjórnarmenn verða að hafa hlutverk sitt á hreinu gagnvart málefnum grunnskólans og láta langtímahagsmuni ráða við ákvarðantöku.
- Auka verkstjórnarrétt skólastjóra.
- Styrkja stöðu skólastjóra sem embættismanna sem eiga að framkvæma og tala fyrir stefnu sveitarstjórnar í málefnum grunnskólans.
- Skólastjórnendur og kennarar þurfa að efla með sér hollustu gagnvart sveitarfélaginu sínu sem skólinn er hluti af, þannig má auka sjálfstæði skólans, enda fylgi því nauðsynleg ábyrgð.
- Loks var hópurinn sammála því að það er ákaflega mikilvægt að skólastjórar lagi sig að breyttum aðstæðum og þeim í raun hjálpað til þess af sveitarfélögnum. Þeirra hlutverk hefur breyst gífurlega frá því að vera fyrst og fremst faglegur stjórnandi yfir í það að vera í senn

faglegur og rekstrarlegur stjórnandi. Ragnheiður Ríkarðsdóttir rökstuddi það ágætlega að hollusta skólastjórnenda þarf að vera við sveitarfélagið fyrst og síðast. Skólastjórar eru í lykilhlutverki í skólastarfinu.

- Fólki var sammála því að faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði skóla væri gott, en þó þannig að það væri byggt á þeirri skólastefnu sem sveitarstjórn væri búin að móta.
- Fólki var einnig sammála því að samvinna skóla og sveitarstjórna væri mjög gott og ekki kæmu misvísandi skilaboð frá þessum aðilum út í samfélagið.
- Auka samvinnu skólastjórnenda, kennara og sveitarstjórnamanna.
- Hollusta starfsmanna.
- Áhersla á mikilvægi þess að hollusta og trúnaður ríki á milli aðila, bæði með tilliti til starfs og samfélags.
- Sækja hispurslaust eftir ráðgjöf og mati til utanaðkomandi aðila fyrir sveitarstjórnir, skólanefndir og starfsemi grunnskóla.
- Fólki var sammála því að auka frelsi skólastjórnenda en eins og áður hefur komið fram að því fylgi einnig aukinn ábyrgð í fjármálum.
- Fólki var sammála því að skóli verði að vera hluti af samfélagi og þannig þjóna því en ekki öfugt.
- Hlutverk sveitarstjórna/sveitarstjórnamanna
- Sveitarstjórnamenn þurfa að taka miklu meira þátt í skólamálaumræðunni og taka frumkvæði í því að koma á nauðsynlegri samræðu við “skólasamfélagið”, líkt og við önnur “samfélög” í sveitarfélögunum.
- Aðgreina stefnumörkun og eftirlit annars vegar og framkvæmd hins vegar.
- Taka sérstaklega á stöðu skólastjóra gagnvart sveitarfélögunum og skilgreina stöðu þeirra sem forstöðumanna á vegum sveitarfélaganna-þeim hættir til að verða hluti af “kennaraliðinu”.
- „Form“ fyrir skólaumræðu, teymi kennara.
- Fólki var sammála því að frumkvæði frá sveitarstjórnnum hafi vantað í málefnum grunnskólastarfs. Krafturinn hafi farið í ytri umgjörð. Fólki var einnig sammála því að fram að þessu þá hafi hið innra starf skóla ekki verið nægilega uppi á borðum sveitarstjórna, en það þyrfti að breytast.



Samstarf við foreldra

Níu umræðuhópar komu inn á samstarf við foreldra.

- Lögverndað vald foreldra verði aukið hvað varðar stjórnun grunnskólans.
- Auka áhrif, ábyrgð og íhlutunarrétt foreldra. Efla samstarfið við þá en ekki bara í aðra áttina, þ.e.a.s ekki nægir að auka upplýsingastreymi frá skólunum til foreldranna. Aukið samráð við foreldra um innra starf skólans. Virkja betur foreldraráð.
- Þátttaka foreldra og nemenda verði efld í skólasamfélaginu og ábyrgð foreldra verði aukin í skólastarfinu.
- Rætt um að foreldrar væru mikilvægir þátttakendur í skólastarfinu, jafnvel vannýtt auðlind. Kennarar

héldu sig í faglegri fjarlægð frá foreldrum sem þætti fyrir vikið jafnvel óþægilegt að nálgast skólann. Þetta ætti ekki síst við foreldra með litla menntun.

- Samskipti skóla og íþrótt- og æskulýðsfélaga verði efld. Einnig samvinna á milli heimila og skóla.
- Fólk var sammála því að í skólastarfi í dag þyrfti að auka samstarf kennara, foreldra, skólayfirvalda og barna. Skólinn sé samstarfsverkefni allra þessara aðila. Einungis þannig náist árangur í skólastarfi jafnt námslega og félagslega.



Stefnumótun og þróun

Ellefu umræðuhópar komu inn á stefnumótun, þróun og breytingar.

- Heildstæð fjölskylduþjónusta-sambætting.
- Fólk var sammála því að þegar breytingar eru gerðar í skólasterfi þá þurfi að kynna þær vel og hafa góðan tíma, áður en farið er í breytingarnar.
- Ekki voru allir sammála því að samráð væri sú leið sem hægt væri að fara þegar breytingar ættu sér stað, því í eðli sínu væru flestir á móti breytingum í skólasterfi og sagan segði okkur það.
- Fólk var sammála því að erfitt væri að gera breytingar á skólasterfi og inn í það spiluðu margar tilfinningar íbúa. Hins vegar hefur verið farið víða í breytingar sem kallað hafa á mikil læti í þeim samfélögum sem þær hafa verið gerðar. En þegar frá hefur liðið vilja fáir snúa til baka. Þetta er mikilvægt atriði þegar menn ætla í breytingar, þ.e. að fylgja eftir af festu þeim markmiðum sem sveitarstjórn hefur mótað þrátt fyrir mótbyr í byrjun.
- Þróa „menningu“ fyrir breytingar og efla breytingastjórnun í grunnskólanum.
- Byggja upp skólamenningu sem er í stöðugri þróun.
- Auka faglega umræðu.

- Aukin áhersla verði lögð á mótun skólastefnu.
- Mikilvægt að móta langtímaskólaefnu.
- Skólastefna og stjórnun grunnskólans:
 - Sveitarfélög setji sér skólastefnu sem mótuð verði með virkri þátttöku forelda. Þannig verði tryggt að sveitarstjórnir móti stefnu um innra starf skólans sem síðan er í verkahring skólastjórnenda og annarra starfsmanna skóla að farmkvæma.
 - Tengja stefnumörkun grunnskólans öðrum skólastigum, bæði þeim sem eru á vegum sveitarfélaganna en einnig við framhaldsskólastigið.
- Skólastefna (fjölskyldustefnu) í hverju sveitarfélagi.
- Hvert sveitarfélag móti heildstæða skólastefnu frá leikskólum.
- Með skýrari stefnu er hægt að koma á raunverulegri valddreifingu og aukinni ábyrgð til grunnskólanna.
- Faglegan stuðning þarf til að sveitarfélög geti gert skólastefnu.
- Nauðsynlegt að sveitarstjórnarfulltrúar/skólanefndir hafi fagleg afskipti af skólasterfi samkvæmt stefnumörkun.



Stuðningur við kjörna fulltrúa

Sjö umræðuhópar komu inn stuðning við kjörna fulltrúa og fulltrúa í nefndum.

- Mikilvægt að fræða kjörna fulltrúa um grunnskólann almennt, lög, reglugerðir og samþykktir sveitarstjórna.
- Strykja þarf stöðu kjörinna fulltrúa, t.d. í skólanefndum.
- Stuðningur við kjörna fulltrúa.
- Faglegan stuðning vantar við kjörna fulltrúa í málefnum grunnskóla.
- Rætt um mikilvægi þess að þeir, sem marka stefnu í skólumálum í sveitarfélögunum og taka ákvarðanir um starf og rekstur skólanna, þyrftu að vera vel upplýstir og hæfir til verka. Nokkrar umræður urðu um hvort ekki væri farsælt að í

skólanefnda sætu jafnframt bæjar- og sveitarstjórnarfulltrúar. Bent var á að skólumál taka um og yfir helming ráðstöfunarfjár sveitarfélaganna og því yrði að leggja mikla áherslu á vönduð vinnubrögð í skólumálum og vel grundaðar ákvarðanir.

- Hópurinn var sammála því að auka þarf faglegan stuðning við sveitarstjórnarmenn og þeim gert kleift að rækta hlutverk sitt sem er að setja skólanum ákveðna stefnu, að stika út leiðina en að láta starfsmönnum skólans eftir að framfylgja stefnunni. Því þarf að skilgreina hvert er hlutverk sveitarstjórnar, hvert er hlutverk skólanefndar og hvert er hlutverk skólastjórnenda.
- Vantar stefnu og fræðslufyrirsveitarstjórnarfulltrúa, fræðslunefndir og skólastjórnendur.



Hlutverk sambandsins

Sjö umræðuhópar fjölluðu um hlutverk sambandsins í grunnskólamálum sveitarfélaga.

- Samband ísl. sveitarfélaga verði virkari stefnumótunar- og samræmingaraðili í grunnskólamálum.
- Sveitarfélögin í landinu móti sér sameiginlega skólastefnu. Þetta verði gert bæði í heild á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga og einnig í hverju sveitarfélagi fyrir sig.
- Að það sé starfandi starfsmaður, bakhjarl eins og við orðuðum það hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að fylgja eftir og vera tengiliður við skólaskrifstofur í landinu. Öflugri skólamálaeild innan Sambandsins.
- Í hópnum voru margir skólastjórar fámennra

sveitarfélaga sem í raun voru sendir sem fulltrúar sinna sveitarfélaga. Í máli þeirra kom fram að á vettvangi sveitarfélaganna væru viðmið og umræður grundvallaðar á aðstæðum stærri sveitarfélaga en mikilvægt væri einnig að horfa til aðstæðna í hinum smærri sveitarfélögum.

- Rætt um að Samband sveitarfélaga ætti að styrkja skrifstofu sína gagnvart skólamálum.
- Koma þarf á sameiginlegum vettvangi innan sveitarfélagsins og á milli sveitarfélaga til að ræða málefni grunnskólans. Grunnskólaþing er einmitt slíkur vettvangur.
- Samstarf við aðrar þjóðir.